


# Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKI SJOPPUNNAR. nr. 8 FIM 23. okt. 2008.  
dagbladidnei.blogspot.com, dagbladidnei@gmail.com

## ICELANDIZATION, ICELAND DISEASE, ICELAND SYNDROME

Farewell good night's sleep heitir ný plata frá Lay Low – nú við útgáfu hefur titill plötunnar sterka skírskotun, aðra en ætla má að listamaðurinn hafi haft í huga. Sama gildir um margt þessa dagana – til dæmis löngu skipulagt málþing um „ímynd Íslands og ímyndamótun stjórnvalda“ sem haldið var í Reykjavíkurakademíunni í gærkvöldi. Sjaldan hafa svo margir mætt á málþing í JL-húsinu, að sögn kunnugra. Og aldrei svona vansvefta. Segja má að þátttakendur á málþinginu hafi skipst í tvær fylkingar: fyrir annarri fylkingunni

kvæmd stefnunnar sem þar er mótuð, til dæmis sú hugmynd að bjóða börnum af stríðshrjáðum svæðum í „friðarbúðir“ í eina viku, sem gæti nýst til að koma landinu á forsíður heimspessunnar. Bryndís benti á að slagorðið „Kraftur, frelsi, friður“ kallaðist með óþægilegri nákvæmni á við slagorð alræðisríkisins í skáldsögunni 1984: „Stríð er friður, frelsi er áþján, fráfræði er styrkur“ og uppskar hlátur og lófaklapp í miðju erindi. **Sumarliði R. Ísleifsson**, sagnfræðingur, sagði þá sjálfsmynd Íslendinga sem birtist í skýrslunni upprunna í þýskri þjóðernishyggi og rómantik 19. aldar, í dag væru þær „bara sorgleg tímasketkja“. **Steinunn Gunnlaugsdóttir** myndlistarkona gekk svo langt, í fyrirspurn úr sal, að kalla skýrsluna drasl og segja að henni bæri að henda. **Umræðan** vék ítrekað að því óskaparástandi sem nú er uppi, enda má víst segja að ekki aðeins hafi raunveruleiki landsins boðið nokkurn hnekki síðustu vikur heldur ekki síður ímynd þess. **Kristrún Heimisdóttir**, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, var fulltrúi ríkisstjórnarinnar í pallborðinu, og stóð að nokkru leyti beggja vegna borðsins, sem vinstri-sinnaður hugvísindamaður í valdastöðu og nánum tengslum við hagsmuni atvinnulífs. Aðspurð um hugtakið *samskiptavarnir*, sem ítrekað kom upp í samhengi við stöðu mála í dag og aðgerðir ríkisvaldsins, sagði hún af og frá að ríkið myndi beita sér fyrir höftum á tjáningarfrelsi. „Það verður aldrei nokkurn tíma hægt að takmarka með lögum eða neinu slíku.“ Núna stæðu stjórnvöld hins vegar einfaldlega í ströngu við að vinna gegn því að hugtök á við



ABOD Auður Yr Geirsdóttir, starfsmaður Sushibarsins við Laugaveg, er ekki hryðjuverkamaður. Tæplega 19 þ hár höfðu skráð nafn sitt á undirskriftalistann klukkan sex í gær. MYND/LUKKA SÖGU

aðstoðar bresks almennings til að stöðva misbeitingu hryðjuverkala  
ændingar ekki hryðjuverkamer

**GÆSLAN** Þrjár ímyndir Íslands. 1) Sérirt Morgunblaðsins frá ágúst 2006 til hyllingar Björgólfi Thor Björgólfssyni. Veggurinn að baki Björgólfi sem tekur lesandanum fagnandi, er fjólublár eða purpuri, áður litur kónga en nú einkum tengdur trúarlífi. Að baki Björgólfi er enda firmamerki hans: stílfærður heiðinn kross,

það er Þórshamar, sleginn í stál. 2) Mynd sem Halldór Baldursson, þá teiknari 24 stunda, teiknaði eftir „Guð blessi Ísland“-ávarp forsætisráðherra en **ákvað að birta ekki**, heldur snaraði upp mildari túlkun á ástandinu. Þetta hefur hann sjálfur kallað „sjálfritsköðun“. 3) Ólafur Elíasson, 50. valdamesti maður innan listageira

viðskiptalífsins samkvæmt *Forbes Art Review*, hratt af stað herferð þar sem ljósmyndatekninni er beitt til að sýna Bretum að Íslendingar eru alls ekki hryðjuverkamenn heldur ~~hvítt~~ friðsælir heimilisunnandi Norðurlandabúar.

fór **Svava Grönfeldt**, rektur háskólans í Reykjavík og formaður nefndar um ímynd Íslands. Sú nefnd skilaði skýrslu til forsætisráðuneytis síðasta vor, þar sem lögð var fram aðgerðaáætlun í þágu viðskiptalífsins. Í skýrslunni var ímynd og sjálfsmynd þjóðarinnar kjörnuð með orðunum „Kraftur, friður, frelsi“ og „náttúrulegur kraftur“. Svava var í nokkurri vörn á velli hugvísindafólks. Hún sagði að nefndarmenn hefðu spurt sig hvort nú væri rétt að ganga með hauspoka og þora ekki að mæta á fund sem þennan. En „niðurstæða okkar var: jú, þetta er satt. Svona innan gæsalappa,“ sagði hún og vísaði þar til helstu atriða skýrslunnar, að Íslendingar séu sjálfstæð og frjálstleg náttúrubörn, og á landinu sé óvenju mikill kraftur, frelsi og friður. **Bryndís Björgvinsdóttir**, meistaranemi í þjóðfræði, fór fyrir hópi gagnrýnenda skýrslunnar, að segja má. Hún sagði að skýrslan væri nú notuð sem skólabókardæmi af nemendum við Berkeley háskóla í Bandaríkjunum, um goðsagnaframleiðslu í samtímanum. Þá setti hún spurningamerki við hugmyndir um fram-

*Icelandization, Iceland disease and Iceland syndrome* festust í sessi í enskri tungu sem orð yfir kreppu, afglöp og heimskupör. Ekki fengust skýr svör við því hvaða aðferðum væri beitt við þá vinnu stjórnvalda, en Kristrún sagði að á þessum tímamarki væri árangur þessarar vinnu „lífspursmál fyrir íslenska þjóð“. **Sverrir Björnsson**, fulltrúi auglýsingastofu í ímyndarnefndinni, átalði fræðimennina í salnum fyrir hroka í garð þeirra hundruða manna sem hefðu komið að skýrslugerðinni, og þá hugmynd að þessi mörg hundruð manns væru firrt en fræðimennirnir ekki. Svava Grönfeldt átti síðasta orðið í pallborðsumræðunum og sagði: „Það er mikilvægt að við komum því til skila sem vil viljum segja og viljum standa fyrir. Svo getum við rifist um það endalaust hvort það er fíring eða ekki.“ Það má ef til vill bæta þeirri íslensku nálgun við næstu útgáfu skýrslunnar, í nánari útlitun á þeim „náttúrulega krafti og frumkvæði sem einkennir atvinnulíf og menningu landsins“: við meinum: skjóta fyrst, ~~lesa huga~~ til rifast svo.